

Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi - EKKO

Stefna Menntaskólans að Laugarvatni er að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað í skólasamfélaginu. **Komi upp grunur um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi innan skólans skal ávallt brugðist við eins fljótt og hægt er.**

Þessi áætlun snýr að nemendum en önnur áætlun er í gildi fyrir starfsfólk. Fyrst er fjallað um leiðarljósin; trúnað, traust, virðingu, varfærni, hæfni og hugrekki. Þá koma skilgreiningar, hvernig er hægt að láta vita og viðbrögð. Að lokum er farið er yfir lagalegan grundvöll, EKKO-kerfið í heild, hlutverk og ábyrgð.

Leiðarljós

Trúnaður, traust, virðing, varfærni, hæfni og hugrekki eru þau gildi sem unnið er eftir í EKKO málum í ML. Bæði nemendur og starfsfólk eiga að hafa þau að leiðarljósi.

TRÚNAÐUR:

- Starfsfólk ræðir ekki um persónuleg mál við aðra en þá sem þau varða.
- Ekki eru fleiri dregnir í mál en nauðsynlegt er.
- Ávallt er upplýst ef rjúfa þarf trúnað til að tilkynna mál. Einnig ef ræða á við fleiri aðila til samstarfs eða til að kanna mál.

TRAUST:

- Brugðist er við öllum ábendingum og tilkynningum.
- Samráð er haft um aðgerðir sem gripið er til. Sérstaklega er mikilvægt að þau sem upplifa að á þeim sé brotið séu höfð með í ráðum.
- Látið er vita af einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi.

VIRÐING

- Umhyggja fyrir öllum aðilum.
- Hlustum á ólík sjónarmið og reynum ekki að stjórna upplifunum fólks.
- Virðum óskir aðila og ólíkar þarfir, eftir fremsta megni.

VARFÆRNI

- Sýnum þolinmæði og vörumst fljótfærni.
- Mál eru könnuð áður en brugðist er við.
- Viðbrögð eru stigvaxandi og í samræmi við tilefnið.

HÆFNI

- Þekking á birtingarmyndum og réttum viðbrögðum.
- Forvarnir eru forgangsattriði, skipulagðar og metnaðarfullar.
- Unnið er eftir skýrum verklagsreglum og handbók.

HUGREKKI

- Tökum ábyrgð á eigin hegðun, lítum í eigin barm, setjum mörk og virðum mörk.
- Stöðva neikvæða hegðun, taka erfiðu samtölin, hætta á að gera mistök eða vera misskilin.
- Tökumst á við málin þó það sé átak og jafnvel sársaukafullt á meðan á því stendur, frekar en að leyfa ástandinu að viðgangast eða stigmagnast áfram.

Skilgreiningar

Með hugtakinu **kynferðisleg áreitni** er átt við hvers kyns ósanngjarna og/eða móðgandi kynferðislega hegðun sem er í óþökk og getur haft áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.

Með hugtakinu **kynferðislegt ofbeldi** er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Einelti er endurtekin athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Einelti getur verið líkamlegt og/eða andlegt og getur jafnt birst í gegnum bein samskipti og í gegnum netmiðla (t.d. Facebook, Instagram, TikTok og Snapchat). Einelti getur m.a. birst í eftirfarandi (listinn er ekki tæmandi):

- Endurteknar uppnefningar eða baktal
- Að telja fólki frá því að spjalla eða vingast við ákveðna einstaklinga
- Ef hæðst er að öðrum t.d. vegna útlits, þyngdar, menningar, trúar eða húðlitar einstaklings, fötlunar eða heilsuleysis.
- Illkvittin ummæli um einstakling send með sms, tölvupósti, smáforritum eða á samskiptasíðum á netinu.
- Myndir eða myndbönd af einstaklingi send með smáforritum og/eða á samskiptasíðum á netinu gegn vilja hans.
- Þegar neitað er að vinna með ákveðnum einstaklingi í skólanum, án gildrar ástæðu.
- Eigur annarra eyðilagðar.
- Líkamlegar meiðingar t.d. sparkað, slegið, hrækt eða fellt.

Áreitni og ofbeldi geta til dæmis beinst að holdafari, uppruna, kynvitund og kynhneigð. Öráreitni er ein birtingarmynd mismununar, en þá er um að ræða endurtekin atvik eða athugasemdir sem væru ef til vill ekki meiðandi ef um einangrað tilvik er að ræða en verður íþyngjandi vegna endurtekinna "lítilla" atriða.

Stundum þarf fólk að setja mörk um það hvernig, hvenær eða hvort samskipti eiga sér stað við annan aðila. Það út af fyrir sig telst ekki til eineltis eða útilokunar. Hins vegar ætti slíkum mörkum ekki að fylgja ofbeldi, baktal eða tilraun til að telja aðra af því að umgangast viðkomandi.

Undir einelti fellur ekki að fólk sé ósammála eða hafi ólíka hagsmuni, nema að ágreiningur eða árekstrar séu viðvarandi. Hins vegar er mikilvægt að leysa slík mál áður en þau þróast til verri vegar. Brugðist skal við til að fyrirbyggja að óviðeigandi hegðun endurtaki sig.

Látið vita

Fólk sem upplifir sjálft eða telur aðra upplifa einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi getur tilkynnt það til námsráðgjafa, umsjónarkennara, vistarvarða, jafnréttisfulltrúa eða annarra. Á heimasíðu skólans er tilkynningahnappur þar sem hægt er að senda ábendingar/tilkynningar. Samtöl og tilkynningar eru skráð og farið með þau sem trúnaðargögn (skv. verklagsreglu og eyðublaði).

Nóg er að um grun sé að ræða. Ef til vill berast sögusagnir til eyrna starfsfólks eða nemenda, þau verða vitni að einhverju eða skynja breytta hegðun eða líðan sem getur bent til að viðkomandi hafi orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Mál vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis skal **ávallt skoða og bregðast við**. Ýmist er um formlega eða óformlega málsmeðferð að ræða (sjá nánar hér neðar).

Þriðji aðili, sem tilkynnir en hefur ekki beina aðild að atviki eða tilteknum samskiptum, telst ekki vera aðili máls og á ekki rétt á upplýsingum um málið. Stundum eru mál þess eðlis að viðbrögð af hálfu skólans (eða aðila sjálfra) koma ekki upp á yfirborðið. Persónuvernd og trúnaður vegur þungt. Þá er ekki átt við að fólki sé meinað að tjá sig sjálft um sína reynslu. Ef efasemdir vakna um viðbrögð skólans er mögulegt að hafa samband við fagráð eineltismála. Þau geta grennslast fyrir um stöðu mála í skólanum og fylgt því eftir ef ekki hefur verið brugðist rétt við. Það er sjálfsagt að láta vita oft en einu sinni vegna sama máls/sömu einstaklinga ef einelti, áreitni eða ofbeldi heldur áfram.

Viðbrögð

Ýmist er um formlega eða óformlega málsmeðferð að ræða. **Sjá nánar í verklagsreglu um formlega og óformlega málsmeðferð.** Í EKKO-handbók skólans fyrir starfsfólk er enn ítarlegri umfjöllun um þau ferli sem mál geta farið í og útfærslu á viðbrögðum.

Hvort sem mál fara formlegan eða óformlegan farveg þá er markmiðið alltaf að skapa öryggi, styðja við góð samskipti og koma í veg fyrir að einelti, áreitni og ofbeldi viðgangist í skólanum. Það er gert með trúnað, traust, virðingu, varfærni, hæfni og hugrekki að leiðarljósi.

Óformleg málsmeðferð

Ef vandinn er metinn minniháttar og tilkynnandi hefur fyrst og fremst þörf fyrir samtal, stuðning og óbeinar aðgerðir getur óformleg málsmeðferð verið rétta leiðin. Einnig ef málsatvik eru óljós, ekki fást upplýsingar eða ef tilkynnandi óskar eftir því að málið fari ekki í formlegan farveg þá getur verið um óformlegan farveg að ræða (ef það er metið að ekki sé um mjög alvarlegt mál að ræða). Óformlega leiðin krefst þess ekki að fleiri séu settir inn í málið nema nemandi óski eftir því eða í góðu samráði við hann.

Ef um félagslegt óöryggi eða einangrun er að ræða en tilkynning/grunur beinist ekki að tilteknum nemanda/nemendum eða atviki/atvikum getur verið gripið til almennra aðgerða, eins og eflingu forvarna eða samskiptavinnu með tiltekinn einstakling eða hóp. Stuðningur námsráðgjafa, umsjónarkennara eða sálfræðings geta verið þau úrræði sem eiga við.

Mál geta verið óformleg á fyrstu stigum og færst svo yfir í formlegan farveg ef við á.

Formleg málsmeðferð

Ef tilkynnandi/brotapoli óskar eftir því fer málið strax í formlegan farveg (ef það á við). Einnig í alvarlegri tilvikum, en alltaf er leitast við að leyfi nemandans liggja fyrir áður en mál fer í formlegan farveg.

Formlegur farvegur felur í sér könnun máls (rætt við aðila sem eiga hlut að máli), aðkomu samskiptaráðs (og annarra eftir þörfum). Þá skapast einnig forsendur til beinna eða skýrari aðgerða sem geta sem dæmi falist í tiltali, tilmælum, áminningum, fundum, aðstoð og fræðslu. Eftirfylgni og skráningar eru meiri í formlegu máli.

Hlutverk og ábyrgð

Námsráðgjafi, jafnréttisfulltrúi, húsfreyja/húsbóndi sitja í EKKO teymi ML. Námsráðgjafi fer alla jafna fyrir teyminu. Ef einhver telst vanhæfur (of tengdur) kemur sá ekki að málsmeðferð. Einnig er tekið tillit til þess ef aðilar máls óska eftir að tiltekinn starfsmaður komi ekki að meðferð máls.

Allt starfsfólk skólans, sem og nemendur, bera ábyrgð á að tilkynna ef grunur vaknar. Öllum ber að taka skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi ef þau verða vitni að slíku.

Umsjónarkennarar og vistarverðir bera sérstaka ábyrgð á að þekkja og vera vakandi fyrir einkennum og fylgja því eftir ef grunur vaknar (sjá handbók og verklagsreglur um skráningar og tilkynningar).

Viðbrögð starfsfólks eiga að byggja á skilningi á eðli og afleiðingum kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni. Í EKKO handbók skólans er nánar útlistuð ábyrgð, hæfni og þjálfun. Haldin er skrá yfir þjálfun.



Grundvöllur og umfang EKKO-kerfis ML

EKKO málin eru meðal annars unnin í samræmi við:

- Lög um jafnan rétt og jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016
- Þingsályktun nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kyndbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árið 2021-2025.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002

Umfang EKKO-kerfis ML nær út fyrir þessa stefnu, því henni er meðal annars fylgt eftir með:

- **Forvörnum:** skipulögð stefna og áætlun í ofbeldisforvörnum í skólanum.
- **Verklagsreglum og skjölum:** skýrt verklag, stefnur og eyðublöð sem varða forvarnir og viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi.
- **Handbók:** EKKO handbók fyrir starfsfólk með lista yfir lög og reglugerðir, gagnabanka, sýnidæmum, útskýringum og þjálfunarskrá svo dæmi séu nefnd.